

Framhaldsaðalfundur Rauða krossins á Íslandi

Laugardaginn 13. október 2012 á Hótel Reykjavík Natura

Anna Stefánsdóttir, formaður bauð gesti fundarins velkomna á framhaldsaðalfund Rauða krossins á Íslandi. Hún þakkaði þeim fyrir að hafa tekið frá tíma til að mæta þrátt fyrir miklar annir undanfarið. Hún bauð fundargesti að rísa úr sætum og minnst látinna féлага.

Anna þakkaði fyrir þátttöku í Göngum til góðs um liðna helgi þegar fjölmargir einstaklingar og fjölskyldur bönkuðu á dyr landsmanna fyrir hönd Rauða krossins. Hún talaði um mikilvægi trausts í því samhengi og skyldu Rauða krossins að standa undir því trausti sem til hans væri borið: „Við eigum því láni að fagna að okkur er treyst!“ Hún benti á að traustið komi ekki af sjálfu sér heldur hafi félagið áunnið sér það með því að það fólk sem starfi fyrir Rauða krossinn hafi lagt sig fram með hugsjónir hreyfingarinnar að leiðarljósi. Anna sagði að Rauða krossinum væri treyst fyrir miklum fjármunum og það væri skylda félagsins að verja þessum fjármunum vel en tekjur Rauða krossins hefðu dregist mikið saman og ekkert benti til breytinga þar á: „Félagið hefur verið að aðlaga starf sitt þeirri staðreynd og verður að halda þeirri aðlögun áfram, það tekur á og er sársaukafullt á köflum.“

Anna sagðist hafa orðið vör við að sú skrifinnenska sem félagið þurfi að sinna í kjölfar nýrrar lagasetningar á síðasta ári hafi reynst mörgum erfið. Hún benti jafnframt á mikilvægi þess að skrániður upplýsingar og meta árangurinn. „Veigamesta breytingin að mínu mati er að sífellt meiri kröfur eru gerðar til okkar að við skráum og metum hverju þjónustan sem við veitum skilar. Það er nýtt fyrir okkur öllum.“ Hún sagði að skráningin væri í raun liður í traustinu sem hún ræddi áðan. Það væri nauðsynlegt að sýna fram á að fjármagnið sem félaginu væri treyst fyrir nýttist sem best. Þar af leiðandi verði ekki hjá því komist að félagið setji sér mælanleg markmið og að árangur verkefna verði sýnilegur. „Vonandi verður komin reynsla á nýtt skipulag þegar formannafundur verður haldinn í nóvember og verður þá hægt að ræða meira um það,“ sagði Anna.

Anna ítrekaði þakklæti sitt til sjálfboðaliða fyrir vinnuna í kringum lagabreytingarnar og fyrir að koma nýju og betra skipulagi á félagið. Hún sagðist jafnframt sannfærð um að þegar upp væri staðið myndi félagið uppskera eins og það sáði; í sterkara og betra félagi – einu Rauða kross félagi þar sem allir réru í sömu átt að því að gera heiminn eilítið betri í dag en hann var í gær fyrir þá sem berskjaldaðir væru.

Því næst sagði Anna framhalds aðalfund Rauða krossins árið 2012 settan.

Myndband sýnt frá Göngum til góðs.

Aðalfundarstörf skv.6. gr. laga Rauða krossins á Íslandi:

Kjörbréf: Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins. Mættir voru 109 aðalfundarfulltrúar frá 48 deildum. Lagt var til að ekki þyrfti að lesa upp nöfn allra fundarmanna og var það samþykkt með lófataki. Kjörbréf voru síðan borin upp og samþykkt.

Fundarstjóri kosinn. Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna.

Fundarritarar kosnir. Ingibjörg Eggertsdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir verkefnastjórar á landsskrifstofu.

Fundarstjóri þakkaði og sagðist myndi leggja sig fram við að verða traustsins verður í dag. Hann vonaði að þetta yrði skilvirkur fundur og umræður góðar.

Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar. *Hún var samþykkt án athugasemda.*

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundar.

Tillaga um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins var send of seint til aðalfundarfulltrúa. Óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að hafa tillöguna á dagskrá. Það var samþykkt.

Anna, formaður, kynnti tillöguna og sagði að allt starf Rauða krossins tæki mið af stefnu og lögum félagsins ásamt þeim rekstrarramma sem fjáröflun næstu ára setti félaginu. Samkvæmt lögnum ákveði aðalfundur áhersluverkefni til tveggja ára í senn. Hún benti á að öll þau verkefni sem kæmu fram í tillögunni væru mjög kunnugleg og sjálfsögð og í samræmi við þarfagreiningu undanfarinna ára enda væri unnið af miklum krafti að þessum verkefnum innan félagsins. Tillagan gerði ráð fyrir að sjálfbúið starf og kynning yrðu ætíð hluti af áhersluverkefnum og áhersluverkefni næstu tveggja ára væru þrenns konar: Sjálfbúiðaverkefni sem draga úr félagslegri einangrun og þarfagreining hafi sýnt fram á að þörf væri fyrir, neyðarvarnir og skyndihjálp og sálrænn stuðningur.

Því næst voru sýnd **tvö myndbönd** sem dæmi um hvernig unnið væri að ofangreindum áhersluverkefnum:

Myndband um öryggismál aldraðra. Verkefni sem Rauði krossinn á Ísafirði hefur unnið að í á þriðja ár og búið er að prufukeyra. Hugmyndin er að allar deildir geti nálgast þetta efni og notað.

Myndband um heimsóknarvini. Vaxandi verkefni og mikilvægt að gera fræðslu vegna þess aðgengilegri.

Formaður hélt því næst áfram umfjöllun sinni um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins á Íslandi árin 2013-2014. Anna sagði að fyrsta grein laganna væri í hnotskurn það sem félagið snerist um – öll verkefni Rauða krossins beindust að því að sinna því sem kveðið væri á um í þessum orðum. Nú sem aldrei fyrr væri mikilvægt að hafa öflugt net sjálfbúiðara því þeir væru burðargrind félagsins og þeirra verkefna sem unnið yrði að á næstu árum.

Formaður sagði að í stefnunni og lögnum væri skýrt kveðið á um að félagið beindi kröftum sínum að hópum berskjaldaðra á hverjum tíma og veki athygli á stöðu þeirra. Þá benti formaður á að til að félagið gæti sinnt þessu mikilvæga hlutverki yrði að kanna reglulega hvaða hópar í samfélaginu væru verst staddir og starfið yrði að skipuleggja í samræmi við niðurstöður þessara kannana. Niðurstöður kannana sýndu að einstæðingar, félagslega einangrað og einmana fólk standi einna verst í íslensku samfélagi. Fjölbreytt verkefni geti komið til móts við mismundandi þarfir einstaklinga. Verkefni skyldu vera byggð á þarfagreiningu á hverjum stað og skipulögð með það að markmiði að þeir sem standi höllum fæti verði virkir þátttakendur.

Þá vitnaði formaður í myndböndin tvö og nefndi sem dæmi um tvö mikilvæg verkefni sem bæði hefðu það að markmiði að efla einstaklinga svo þeir gætu átt innhaldsríkara líf. Verkefni

heimsóknarvina væri víðast hvar stjórnað af sjálfboðaliðum og markmið félagsins væri að sama gildi um meiri hluta allra verkefna Rauða krossins á Íslandi.

Önnur tillaga að áhersluverkefni félagsins snýr að neyðarvörnum. „Hugmyndafræði Rauða krossins er upprunnin í neyðaraðstoð og almenningur jafnt sem stjórnvöld treysta á að félagið sé alltaf til staðar og bregðist skjótt við í neyð. Félagið er mikilvægur hlekkur í almannavörnum Íslands. Félagið tryggir öflugar neyðarvarnir og neyðaraðstoð sem byggja á vel þjálfuðum sjálfboðaliðum í öllum byggðarlögum. Alltaf skal því leggja áherslu á neyðarvarnir“, sagði Anna. „Ekki er þar með sagt að þetta verkefni verði alltaf áhersluverkefni en þörf er á að gera átak í þessum málaflokki til næstu tveggja ára.“ Anna sagði félagið legði einnig ríka áherslu á að eiga gott samstarf við aðra aðila sem sinntu almannavörnum. Þá benti hún á að til að félagið gæti sinnt skyldum sínum væri nauðsynlegt að tryggja að skipulagið væri til staðar, það svaraði kröfum tímans og að ávallt væru vel þjálfaðir sjálfboðaliðir í öllum byggðarlögum. Allar deildir ættu því að hafa upp færðar neyðarvarnaráætlanir og árlega fræðslu og æfingu fyrir sjálfboðaliða sína.

Formaður kom inn á þriðju tillögu að áhersluverkefni sem snýr að skyndihjálpi og sálrænum stuðningi. Í stefnunni segi að félagið eigi að vera framsækið og leiðandi í skyndihjálpi og sálrænum stuðningi. Rauði krossinn sé bundinn af samkomulagi við stjórnvöld um hlutverk og ábyrgð félagsins í skyndihjálpi en útbreiðsla skyndihjálpar hafi verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi í yfir 80 ár. „Hér, eins og í öllum öðrum verkefnum, er skipulag og þjálfun sjálfboðaliða mikilvægur þáttur. Þekking almennings á sálrænum stuðningi og sérhæfðir sjálfboðaliðar geta lyft grettistaki í kjölfar hamfara og annarra alvarlegra atburða með nærveru, umhyggju, virkri hlustun og hluttekningu,“ sagði Anna og bætti við, „regluleg námskeið í skyndihjálpi og sálrænum stuðningi fyrir sjálfboðaliða gera kleift að viðhalda öflugum viðbragðshópum til að bregðast við þegar þörf er fyrir aðstoð“. Þá benti formaður á að á næstu áratugum muni meðalaldur íslensku þjóðarinnar hækka sem væntanlega leiði til aukins álag á heilbrigðisstofnanir og aðra velferðarþjónustu. Þá verði mikilvægara að stuðla að þekkingu almennings í skyndihjálpi og sálrænum stuðningi. Þar geti félagið lagt mikið að mörkum.

Fjórða áhersluverkefnið snýr að þætti sjálfboðaliða í starfinu. Í stefnu félagsins segir að sjálfboðaliðar sinni meginhluta verkefna félagsins. „Til að félagið geti náð þessu markmiði sínu þarf það að laða að sér sjálfboðaliða og gera það eftirsóknarvert að ganga til liðs við félagið. Efla þarf ímynd Rauða krossins með markvissri fræðslu og kynningarstarfi, s.s. í skólum og í ýmiss konar miðlum“, sagði formaður. „Verkefni félagsins eru einnig mikilvæg í kynningu á hlutverkum félagsins, t.d. Göngum til góðs, þegar einstaklingar merktir félaginu banka á dyr heimila í landinu til fjáröflunar fyrir verkefni félagsins. Það er mikilvægt að skapa verkefni sem eru sjálfboðaliðavæn og þjálfa hópstjóra úr þeirra röðum til að stjórna þeim. Sjálfboðaliðar á öllum aldri og úr mismunandi samfélagshópum eru helsta auðlind Rauða krossins og því er mikilvægt að taka vel á móti þeim og finna þeim hlutverk við hæfi.“

Að svo búnu las formaður upp tillögu að áhersluverkefnum félagsins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður.

Unnur Hjálmarsdóttir, fulltrúi frá Kópavogsdeild sagði sér litist vel á verkefnum og þau væru í takt við stefnu og lög. Hún gerði þó athugasemdir við greinargerðina varðandi neyðarvarnarþáttinn, að skrítið væri að það verkefni verði ekki áhersluverkefni eftir t.d. tvö þar sem það sé eina lögbundna verkefnið við stjórnvöld. Lagði til að setningin yrði fjarlægð úr greinargerðinni.

Fleiri tóku ekki til máls.

Tillaga um áhersluverkefni Rauða krossins á Íslandi 2013-2014 var samþykkt samhljóða.

Kaffihlé.

Fundarstjóri bauð Gunnar Frímansson, varaformann, í ræðustól til að kynna tillögu stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö árin, sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr. laga.

Gunnar fylgdi tekjuskiptingarkerfinu úr hlaði og fór vandlega yfir forsendur tekjuskiptingarinnar.

Gunnar sagði að tekjur félagsins væru að dragast saman mjög hratt á meðan kostnaður ykist. Félagið myndi enda með tóma sjóði eftir tiltölulega fá ár ef ekki yrði brugðist við. Sagði hann að breyta þyrfti um verklag og skipulag og deildir yrðu að horfast í augu við breytingar í eigin ranni. Gunnar benti á að félagið þyrfti að afmarka sig betur, það skipti máli að þessir takmörkuðu peningar væru notaðir rétt, þar sem þörfin væri mest. Þess vegna var ákveðið á aðalfundi í vor að breyta tekjuskiptingareglum. Miða þyrfti við að peningarnir færu þangað sem starfsemi væri en ekki til deilda þar sem lítil sem engin starfsemin væri. Hins vegar væri spurning um að skipta þessum tekjum með öðrum hætti en verið hefði.

„Eftir aðalfundinn í vor þegar ákveðin var skipting milli verkþátta var farið í rækilega kynningu, fundir haldnir út um allt land þar sem reglurnar voru kynntar. Ýmsar athugasemdir bárust sem tekið var tillit til“, sagði Gunnar. Þessar reglur eigi að gilda fram að næsta aðalfundi, sem geti þá endurskoðað reglurnar með tilliti til reynslu og þarfar. Beina þurfi fjármagni þangað sem þörfin sé fyrir þá. Í lögum félagsins frá í vor sé kveðið á um að tekjuskipting skuli vera tengd verkefnum og virkni. Reynt hafi verið að gera það og tekjuskiptingaraðferð Landsbjargar væri fyrirmyndin. Landsbjörg hafi verið að þróa kerfið og bæta í nokkur ár. Rauði krossinn ætli sér engu að síður að taka þetta í skrefum því starfsemin hafi ekki verið miðuð við þessar reglur. Deildir þurfi að fá aðlögunartíma til að vinna eftir reglunum. Þess vegna taki sum ákvæði ekki gildi fyrr en næsta haust.

Gunnar fór síðan yfir tillöguna og mælikvarða sem fram koma í henni lið fyrir lið.

Gunnar lagði áherslu á að félagið þyrfti tíma til að aðlaga sig að breyttum reglum og mikilvægt væri að nota vel tímann fram að aðalfundi 2014. „Við erum ekki að samþykkja neitt endanlegt, sagði Gunnar, formannafundurinn getur hugsanlega tekið ákvörðun næsta haust hvort breyting verður á. Við verðum að byrja einhversstaðar, kannski höfum við verið of sein, þar sem kassatekjur hafa verið að hrynja“ sagði varaformaður félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari. Las upp tillöguna um skiptingu tekna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Ragnhildur Steingrímsdóttir, Hafnarfirði, lagði fram tvær fyrirspurnir:

1. Ef deild má eiga 10 milljónir í sjóði en á 10,5 milljónir, gildir þá reglan um skerðingu 100%?
2. Ef deild fær styrk í ákveðið verkefni til 3ja ára en óskar eftir að greiða á þremur árum (þ.e. í hlutum). Skerðist þá hluturinn?

Unnur Hjálmarsdóttir, Kópavogi:

1. Breytingatillaga við eitt orð, þegar kemur að virkni innra starfs, að deildarstjórn hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Miðað sé við 4ra kennslustunda námskeiðið. Það sé ekki til og þurfi því að breyta í 4ra klukkustunda námskeið, og 12 kennslustunda námskeið hafi aldrei verið til heldur 12 klukkustunda.
2. Námskeið: Deildarstjórnarmenn eigi að vera með grunn- og deildarnámskeið. Ekki hefur verið talað um ábyrgð deildarmanna á námskeiðum. Misskilningur hjá Unni og dregur til baka.
3. Ekki bara félagið sem ræður fjölda fjöldahjálparstöðva því það er pólitísk ákvörðun. Þarf að meta út frá fjölda fjöldahjálparstöðva. Unnur setur spurningamerki við svo háa prósentu fyrir hverja stöð, frekar að meta út frá fjölda sjálfboðaliða í neyðarvörnum og þekkingu þeirra.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, svaraði fyrirspurnum: Svarið sé já við spurningu Ragnhildar. Ef greitt hafi verið inn í sjóð deildar þá teljist það til eignar deildar. Hvað varði fjölda fjöldahjálparstöðva þá sé um að ræða breytu sem kom inn eftir ábendingu deilda eftir mikla fundarröð með þeim. Hann sagði rétt að Rauði krossinn væri ekki einráður um fjölda stöðva en hins vegar væri það mælikvarði á ábyrgð deilda hversu margar fjöldahjálparstöðvar væru á starfssvæði hennar.

Katrín Ósk Guðmundsdóttur, Reykjavík vildi vita hvernig námskeið væru talin, skyndihjálparnámskeið úreldist og því skipti máli hvenær farið væri á þau.

Helga Gísladóttir, V-Barðastrandarsýsludeild gerði athugasemd við orðalagið mismunum og jöfnun, ef deildir fengju ekki fullt hús. Mætti ekki standa, ef engin deild fengi fullt hús?

Kristján Sturluson, svaraði því til að ef fólk hafi einhvern tímann tekið námskeið þá teldi það. Hins vegar hefði verið áberandi á athugasemdum frá deildum að ekki skyldi tekið strangt á skyndihjálpinni. Tekið hafi verið tillit til þess.

Varðandi fyrirspurn Helgu sagði hann að afgangur færi í jöfnunarpott sem væri úthlutað úr hlutfallslega til deilda (í samræmi við tekjuskiptingu) sem ekki væru með skerðingu vegna sjóðseignar.

Hrefna Magnúsdóttir, Ísafirði spurði hvort nauðsynlegt væri að hafa sér lið um íbúafjölda ef hann reiknaðist inn í alla aðra liði? Hvað varðaði talningu fjöldahjálparstjóra þá miðuðust skilyrði við fjóra í hverri fjöldahjálparstöð. Taldi að skoða þyrfti hvort verið væri að gera stóru deildunum hærra undir höfði en minni.

Bergur Torfason, Dýrafirði spurði hvort hvort flugvöllur væri talinn sem fjöldahjálparstöð væri hann til staðar, því ef svo væri ættu að vera þrjár fjöldahjálparstöðvar á Dýrafirði. Spurði einnig hvort miða ætti peningalega eign við 1. október? Sagði vanta viðmiðun um hvenær sjóðseignin væri metin.

Kristján Sturluson framkvæmdastjóri sagði rétt hjá Hrefnu að íbúafjöldi spilaði inn í nær allar breytur nema sjálfboðaliðabreytu og grunnframlagið. Rökin fyrir að hafa íbúafjöldann inni væru aðlögun og að jafna út. Hvað varðaði spurningu um fjöldahjálparstjóra sagði Kristján að fjórir væru algjört lágmark í hverri stöð. En því fleiri, því betra. Margar deildir væru með mjög vel mannaðar stöðvar.

Varðandi fyrirspurnir Bergs sagði Kristján að telja hefði átt flugvöllinn í Dýrafirði með. Vonir hefði verið bundnar við að ábendingar bærust þar að lútandi áður en kerfið var ákveðið en svo hafi ekki orðið. Varðandi sjóðseignina sagði hann miðað við sjóðseign 1. október.

Hrund Snorradóttir, Vopnafirði minnti á að stundum væri langt á milli fjöldahjálparstöðva. Þýddi það að Vopnafjarðardeild þyrfti að hafa 12 manns með gild skírteini eða mætti sami maður vera skráður á fleiri en eina stöð?

Petrína Sigurðardóttir, Bolungarvík spurði hvort þarfagreining yrði fyrirfram eða eftir á og hver ætti að gera þarfagreiningu fyrir deildirnar?

Kristján Sturluson framkvæmdastjóri svaraði Hrund því til að Vopnafjarðardeild þyrfti að hafa 12 fjöldahjálparstjóra. Hvað varðaði þarfagreiningu þá væri það hluti af viðbótarbreytu sem ætti eftir að taka ákvörðun um. Þarfagreining gæti hins vegar og ætti að fara fram áður en lagt væri í verkefni. Einnig þurfi að meta hvort verkefnið eigi við, sé að ganga rétt o.s.frv. Þannig að hægt sé að meta einnig eftir á. Hver deild muni þurfa að gera þarfagreiningu. Nú sé verið að vinna leiðbeiningar um hvernig hún skuli framkvæmd.

Guðmundur Ingólfsson, Suðurnesjum spurði hvort eitthvað mælti á móti samstarfi milli deilda um að ná lágmarksfjölda sjálfboðaliða á stöðvum?

Hlíf Hrólfsdóttir, Strandasýslu benti á að á hennar svæði séu sjö stöðvar. Deildin þurfi því 28 fjöldahjálparstjóra. Ekki sé búið að mennta svo marga.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Hafnarfirði spurði hvort Reykjavíkflugvöllur væri á ábyrgð Rauða krossins í Reykjavík og hvort til væru viðbragðsáætlanir sem miðuðu við hafnir landsins?

Kristján Sturluson framkvæmdastjóri sagði fjöldahjálparstöðvar á svæði Hlífar, í Strandasýslu, einfaldlega of margar og taka þyrfti málið upp við almannavarnardeild á svæðinu. Stöðvar væru í skólum sem ekki lengur séu til. Miða þurfi við íbúafjölda og annað á svæðinu. Reykjavíkflugvöllur sé talinn til Rauða krossins í Reykjavík sagði hann og viðbragðsáætlun vera til fyrir hafnir. Reyndar sagði hann höfnina talda með hjá Rauða krossinum á Seyðisfirði. Kristján svaraði Guðmundi Ingólfssyni því að samstarf deilda væri mögulegt.

Ragnhildur Steingrímsdóttir, Hafnarfjarðardeild sagði vanta í tillöguna að peningaleg staða deildar miðist við síðasta reikningsár.

Unnur Hjálmarsdóttir, Kópavogsdeild: Áréttaði að bæði hafi verið spurt um samstarf deilda og að flugvöllurinn sé hjá Reykjavíkudeild. Reykjavíkudeild hýsi verkefnið og samstarf um það sé gott.

Atkvæðagreiðsla

Breytingatillaga Ragnhildar Steingrímsdóttur: „Peningaleg staða deildar skal miðast við síðastliðið reikningsár.“ – *Samþykkt.*

Breytingatillaga Unnar Hjálmarsdóttur: Virkni stjórnar: „Miðað er við að deildarstjórnarmenn hafi setið amk. 4 kennslustunda námskeið“. – *Samþykkt.*

Fundarstjóri lagði heildartillögunar með þessum breytingum fyrir fundinn til atkvæðagreiðslu og voru þær samþykktar.

Hádegishlé.

Einar Sigurðsson, gjaldkeri Rauða krossins: Einar fjallaði um hvernig félagið gæti brugðist við óhjákvæmilegri skerðingu kassatekna. Hann benti á að Rauði krossinn hafi hingað til byggt á föstum tekjustofni sem nú sé hins vegar ekki svipur af sjón. Veruleikinn sé breyttur og ekki sé svigrúm til að draga lengi að bregðast við. Fjármagnstekjur hafi tekið mesta höggið í ákveðinn tíma en sá tími sé nú liðinn. Nú þurfi lagaramma og reglufestu utan um starfsemi og vinnulag sem verði öðruvísi. Nauðsynlegt sé að ræða hvernig ferlið verði mótað. Dagurinn í dag sé aðeins eitt skref af mörgum. Kostnaður verði að taka mið af skertri innkomu. Þess vegna beri að ræða fjáröflun í dag af meira vægi en áður.

Einar gerði grein fyrir þróun niðurskurðar hjá félaginu, með tilliti til tekjustofna. Samdráttur væri um 4-5% á hverju ári. Hann minnti á að í samdrætti fælust einnig tækifæri. Hann talaði um uppskurð hjá félaginu frekar en niðurskurð. Það væri ámælisvert að ganga endalaust á sjóði.

Þá benti Einar á að tekjur yrðu í framtíðinni í vaxandi mæli merktar verkefnum og minna fé yrði til ráðstöfunar í daglegan rekstur. Umhverfið, markaðurinn, sem nauðsynlegt sé að herja á sé þrengri. Sífelld fleiri væru um peningana. Það kallaði á skýra stefnu hjá félaginu hvað varðaði fjáröflun og rekstur, fækkun verkefna o.s.frv. Stærsta tækifærið til að sporna við sé innbyrðis í félaginu, þar þurfi að endurraða og skera niður. Starfshættina verði að endurskoða. Mörgum verði ógnað eða verði óánægðir en svo verði að vera.

Einar sagði ljóst að ekki verði hægt að búa til nýjan traustan tekjustofn sbr. spilakassatekjur. Ýmislegt hafi verið skoðað hvað það varðar en niðurstöður séu þær að enginn tekjustofn komi í staðinn fyrir kassatekjur. Á næstu mánuðum hefjist nýr kafli í sögu Rauða krossins á Íslandi. Að svo sögðu fór Einar yfir tillögur að samræmdum reglum um fjáröflun.

Fundarstjóri bauð orðið laust.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild óskaði eftir útskýringu á síðustu setningu í hluta 1, lið d.

Bea Meijer, Eskifjarðardeild taldi reglurnar verða til þess að skrifinn ska ykist. Sjálfboðaliðar hefðu ekki kunnáttu í að gera það sem þyrfti. Hvernig ætli stjórnin að koma til móts við deildir sem ráða ekki við skrifinn skuna? Ráða starfsmann?

Unnur Hjálmarsdóttir, Kópavogsdeild taldi að tala þyrfti skýrt um hver rekstrarkostnaður mætti vera, t.d. á húsnæði. Væri þar reiknað framlag sjálfboðaliða á einhvern hátt? Styrkir frá einstaklingum? Deildarstjórn ákveði hvort tekið yrði við styrkjum en á landsskrifstofu væri það framkvæmdastjóri sem tæki þá ákvörðun. Af hverju misræmi, því geti framkvæmdastjóri deildar ekki tekið ákvörðun? Hefur stjórnin hug á verklagsreglum fyrir slíkar ákvarðanatökur?

Einar Sigurðsson, stjórnarmaður svaraði fyrirspurnum:

Styrkir frá einstaklingum: Ekki fælist vantraust í þessu þar sem ekki allar deildir væru með starfsmenn. Á landsskrifstofu hefði framkvæmdastjóri á bak við sig framkvæmdaráð. Það væri gert ráð fyrir að fleiri en einn tæki ákvörðun.

Varðandi fjáröflun, sagði Einar ekki gert ráð fyrir að reikna kostnað á framlag sjálfboðaliðans. Þvert á móti væri verið að ýta sjálfboðaliðanum í að safna peningum fyrir verkefni. Þegar fjár sé aflað megi

utanumhald ekki kosta meira en 10%. Reynt sé að taka á því með skýrum hætti en í framtíðinni þurfi að taka á fleiru. Nauðsynlegt sé hins vegar að koma þessu regluverki af stað.

Varðandi verklagsreglur, sérstaklega í tenglum við styrki frá einstaklingum, væri nauðsynlegt að láta reyna á þetta ákvæði og skoða eða dýpka síðar þegar meiri reynsla væri komin. Reglufesta sé þó alltaf nauðsyn!

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Katrín Ósk Guðmundsdóttir, Reykjavíkurdeild: „Hefur verið gerð þarfagreining á hve stóra skrifstofu Reykjavíkurdeild þarf? Erum við með allt of mikið starfsfólk þar eða ekki?“

Einar Sigurðsson, gjaldkeri sagðist alls ekki hafa verið að tala um skrifstofu Reykjavíkurdeildar heldur Rauða krossinn í heild sem eitt félag. Nauðsynlegt væri að skipuleggja í samræmi við verkefni og þá fjármuni sem væru til ráðstöfunar. Langmesta hagræðingin hjá félaginu hafi verið gerð hjá landsskrifstofu. Brátt yrði þar gengið á vegg og því þyrfti að huga að öðru líka.

Bea Meijer, Eskifjarðardeild óskaði eftir frekara svari við fyrirspurn varðandi aukna skrifinnsku. Ættu deildir að gera ráð fyrir skrifinnskunni í sjálfböðnu starfi eða fengju þær leiðbeinenda þar sem ekki væri bolmagn? Hvers vegna væru ekki endurskoðunarákvæði í tillögunum, t.d. að innan árs skuli endurskoða reglurnar?

Bea var spurð hvort hún vildi koma með breytingatillögu. Hún sagðist þurfa hjálp við það.

Magnús Árni Magnússon, Hafnarfjarðardeild spurði hvort Hafnarfjarðardeild gæti sótt um fjármagn í verkefni utan starfssvæðis deildarinnar, í verkefni sem unnin væru utan Hafnarfjarðar, svo sem hælisleitendur í Reykjanesbæ.

Einar Sigurðsson, gjaldkeri sagði ekki hafi verið gert ráð fyrir að aðrir starfsmenn en á landsskrifstofu aðstoðuðu deildir vegna skrifinnsku.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri minnti á að í 5. málsgrein 12. greinar væru ákvæði um að reglur um meðal annars fjáröflun yrðu teknar fyrir á aðalfundi. Það gæti verið eðlilegur hluti af aðalfundi að endurskoða þessar tillögur.

Varðandi styrki frá fyrirtækjum þá gæti Hafnarfjarðardeild eingöngu sótt um styrki í Hafnarfirði, sagði Kristján. Hins vegar gæti landsskrifstofa sótt um styrki á landsvísu. Verkefnið sem rætt var um sé einmitt í góðu samstarfi milli Hafnarfjarðardeildar og landsskrifstofu og því ætti að vera hægt að leysa það með góðum hætti.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild spurði um 10% sem mættu fara í stjórnun verkefnis deildar. Hvað með 90% sem eftir væru? Teldist launakostnaður starfsmanns hluti af verkefninu en ekki stjórnendakostnaði.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri sagði launakostnað starfsmanns vera hluta af verkefninu en ekki stjórnendakostnaði.

Unnur Hjálmarsdóttir, Kópavogsdeild sagði sér þætti eðlilegra að stjórnir deilda tækju ákvörðun um fjáröflun sjálfar, án þess að hún sé að lýsa vantrausti á framkvæmdastjóra, í samræmi við ákveðnar verklagsreglur.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild sagði ekki nógu skýrt hvenær breyta megi þessum reglum.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri svaraði að skýrt sé í lögnum að eingöngu megi breyta þessum reglum á aðalfundi, sbr. 5. málsgrein 12. greinar.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild lagði til að bætt yrði við endurskoðunarákvæði um að þessar reglur yrðu teknar til endurskoðunar að ári liðnu, fyrir maí 2014.

Anna Stefánsdóttir, formaður þakkaði góða umræðu. Hún sagðist túlka lögin þannig að ekki sé hægt að gera breytingu með þessum hætti. Það kæmi skýrt fram í lögnum að aðalfundur skuli samþykkja þessar reglur. Hins vegar mætti hugsa sér að fundurinn fæli stjórn að endurskoða þessar reglur. Formannafundur hafi heldur ekki ákvörðunarvald, hann sé ráðgefandi og komi því ekki til greina.

Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir, Kópavogsdeild kvaðst vilja að formannafundur hefði eitthvað um þetta að segja.

Anna Stefánsdóttir lagði til að formannafundi yrði falið að fjalla um þetta efni. Fleiri tóku ekki til máls.

Anna las upp tillöguna. „Framhaldsaðalfundur felur stjórn að taka reglur þessar til endurskoðunar að ári liðnu að fenginni umfjöllun formannafundar“.

Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Fundarstjóri bar tillöguna upp í heild sinni með samþykktri breytingartillögu. *Tillagan var samþykkt.*

Ákvörðun um árgjald

Einar Sigurðsson kynnti tillögu varðandi árgjald félagsins. „Árgjald verði kr. 2.200 vegna ársins 2013 og kr. 2.400 vegna ársins 2014.“

Bryndís Ásta Birgisdóttir, Súgandafjarðardeild spurði hvers vegna ekki kr. 2.500 strax?

Einar Sigurðsson tók vel í breytingartillögu Bryndísar, væri hljómgrunnur fyrir henni.

Katrín Ósk Guðmundsdóttir, Reykjavíkurdeild spurði hvort fólk hafi ekki skoðað þá 6000 manns sem ekki greiddu árgjaldið? „Erum við að fara að tapa sjálfboðaliðum ef við hækkum meira?“

Hrund Snorradóttir, Vopnafjarðardeild lagði til að árgjaldið yrði 2.200 kr. fyrir 2013 og 2.400 fyrir 2014 til að styggja ekki fólk eða fara of geyst.

Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta.

Kosningar til trúnaðarstarfa.

Úlfar Hauksson kynnti tillögur kjörnefndar. Kjörnefndin vann úr ábendingum og tillögum sem bárust og tók mið af hæfni einstaklinga, aldri og kyni.

Anna Stefánsdóttir kjörin formaður til tveggja ára.

Ragna Árnadóttir kjörin varaformaður til tveggja ára.

Kjörin aðalmenn til fjögurra ára: Anh Dao Tran Reykjavíkurdeild, Eyrún Sigurðardóttir Hveragerðisdeild, Helgi Ívarsson Hafnarfjarðardeild og Gísli Friðriksson Mosfellsbæjardeild. Varamenn til tveggja ára: Guðný Bergvinsdóttir fyrsti varamaður og Jónas Sigurðsson annar varamaður.

Kosning skoðunarmanna.

Ólafur Reimar Gunnarsson og Sigrún Kamilla Halldórsdóttir kjörin skoðunarmenn til tveggja ára.

Innsendar tillögur – engin mál bárust.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um önnur mál.

Hrefna Magnúsdóttir, Ísafjarðardeild bar fram ályktun svohljóðandi: „Mjög mikilvægt er að áfram séu starfsmenn landsskrifstofu á svæðunum sem halda utan um, hafi yfirsýn og geti veitt aðstoð vegna verkefna sem krefjast aukinnar vinnu og skrifinnsku frá deildum. Framhaldsaðalfundur 13. október 2012 ályktar að beina því til stjórnar og framkvæmdaráðs að við ákvarðanir varðandi innra skipulag og starfsmannahald verði tekið tillit til þessa.“

Halldór Valdimarsson, Húsavíkurdeild sagðist nýr í starfi Rauða krossins. Hann hafi samþykkt reglur um kjörgengi á síðasta aðalfundi en ekki rýnt mikið í þær né gert sér grein fyrir afleiðingunum. Hann vildi vekja athygli á því að ung stúlka í stjórninni var ekki kjörgeng á fundinum vegna þess að hún var ekki félagi árið 2011 og annar stjórnarmaður vegna þess að hann borgaði ekki árgjaldið fyrr en eftir áramót. Halldór lagði ekki til breytingar en sagði þetta til umhugsunar. Í þessum tilvikum séu þetta mjög gjaldgengir félagar en hafi ekki atkvæðisrétt.

Bergur Torfason, Dýrafjarðardeild vakti athygli á að litlar deildir á Vestfjörðum hafi notið þess að hafa svæðisfulltrúa undanfarin ár. Þá hafi verið samstarf á milli deilda. Verkefnum hafi verið stýrt með þessum hætti og kostnaði skipt. Nú megi vera deildaráð en ekki sameiginleg fjárráð. Hann taldi frumskilyrði að þessu fyrirkomulagi yrði ekki kollvarpað. Þrjátíu mönnum í stjórn myndu fækka í fimm og sjálfboðaliðum í hlutfalli við það. Þetta þýddi að litlar deildir legðust af. Hann spurði jafnframt hver tæki þá til dæmis við fjöldahjálparstöðvum í Dýrafirði ef deildin legðist af.

Jón Knutsen, Akureyrardeild sagðist sammála síðasta ræðumanni og Hrefnu. Frekar ætti að efla starf svæðisstarfsmanna. Verulegur urgur væri í smærri deildum að takast á við þessi verkefni án stuðnings svæðisstarfsmanna. Hann lagði til að verkefnisstjórunum yrðu færð aukin verkefni til að styðja deildirnar á meðan á þessum breytingum stæði.

Sigmar Georgsson, Vestmannaeyjadeild greindi frá því að á næsta ári væru 40 ár frá Heimaeyjargosinu. Hann hafi verið beðinn um heimildir sem Rauði krossinn eigi og hafi nú þegar sent beiðni til Kristjáns framkvæmdastjóra. Sigmar greindi stuttlega frá því hve fljótt hafi verið tekið á móti flóttamönnum frá Eyjum og nefndi Björn Tryggvason formann Rauða krossins sem hefði unnið gott starf. Rauði krossinn tók á móti fólki í Reykjavík, kom því fyrir og gaf að borða. Rauði krossinn útvegaði húsnæði og bauð börnum í samvinnu við norska Rauða krossinn til Noregs. Hann varpaði fram spurningunni: „Væri þetta hægt í dag“? Hann hvatti jafnframt stjórnina til að nota þetta tækifæri til að minnast þess hve mikilvægt Rauði krossinn hafi þá verið.

Oddrún Kristjánsdóttir, formaður Kvennadeildarinnar í Reykjavík lagði fram skjöl frá Árna Böðvari Péttri Helgasyni um stofnun Rauða kross deildar á Patreksfirði árið 1925.

Bryndís Ásta Birgisdóttir, Súgandafjarðardeild minnti á verkefni Ísafjarðardeildar í skyndihjálpi meðal eldra fólks. Hún sagði frá því að eftir námskeið hjá deildinni hafi eiginmaður bjargað konu sinni með því að blása í hana lífi.

Unnur Hjálmarsdóttir, Kópavogi sagðist hafa verið í vinnu stefnumótandi hóps. Þar hafi komið fram að aðhald skorti, bæði aðhald deilda og svo öfugt; aðhald stjórnar. Úr því hafi verið bætt með leiðbeiningum og fleiru. Hún spurði hvort ekki ætti ekki að vera verkfæri til stuðnings deildum við að veita stjórn aðhald?

Anna Stefánsdóttir, formaður sagðist líta svo á að aðalfundur væri það afl innan félagsins sem veitti stjórn aðhald. Samkvæmt lögnum hefðu fleiri verkefni færst til aðalfundar. Það mætti glögg sjá í dag því fundurinn væri að ákveða tekjuskiptingu og fjalla um tillögu að kjörnefnd. Þessu hafi verið breytt með nýjum lögum. Teldi aðalfundur þörf fyrir enn meira aðhald, þá væri aðalfundi skylt að gera tillögur að breytingum á lögum til að uppfylla það sem þörf væri á.

Jón Knutsen, Akureyrardeild fagnaði því að eitt af áhersluatriðum væri að auka vægi skyndihjálpar hjá félaginu og sagðist mjög hlynntur þeim breytingum á lögum sem gerðar hafi verið. Jón minnti á að stjórnarmenn í deildum mættu ekki kenna skyndihjálpi og kvaðst samþykku því að aðhald þyrfti að vera í verktakagreiðslum til kennara. Hjá Akureyrardeild væru fjórir stjórnarmenn leiðbeinendur og hann vildi vita hvort sækja þyrfti um undanþágu fyrir hvern kennara á hvert og eitt námskeið eða hvort hægt væri að fá undanþágu út árið?

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri svaraði að samkvæmt lögum væri hægt að sækja um undanþágu fyrir ákveðinn tíma og ekki þyrfti að gera það fyrir hvert námskeið. Stjórn Rauða krossins gæti og veitt undanþágu ef hagsmunir deildarinnar krefðust þess. Ýmis ákvæði í lögum gætu gert það að verkum að fulltrúar sem núna sætu í stjórn deilda væru ekki kjörgengir og einnig væru fulltrúar sem hafi setið lengur en ákvæðu væru um. Þetta þyrfti að meta við endurkjör stjórnar.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri las upp ályktun Hrefnu Magnúsdóttur og fleiri. *Var ályktunin samþykkt.*

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf formanni orðið.

Anna þakkaði fyrir góðan fund, þakkaði traustið við endurkjör og sagðist gjarnan vilja starfa áfram við þær breytingar sem ákveðnar hefðu verið. Hún tilkynnti um næsta aðalfund sem haldinn verði í Hörpu þann 17. maí 2014. Það ár verði Rauði krossinn á Íslandi 90 ára. Búið sé að skipa afmælisnefnd sem muni hefja störf fljótlega og verði aðalfundurinn því veglegri en áður. Anna þakkaði fráfarandi stjórnarfólki Gunnari Frímannssyni, Esther Brune og Sigríði Magnúsdóttur fyrir störf þeirra. Hún kallaði síðan á nýja stjórnarmenn, Helga Ívarsson, Gísla Friðriksson og Guðnýju Bergvinsdóttur og nældi Rauða kross merki í barm þeirra, og kvaðst hlakka til samstarfs við þau. „Eins og kom fram hjá Einari, er mikilvægt að horfa til framtíðar og líta á hvert verkefni sem við tökumst á hendur sem tækifæri“ sagði Anna að lokum.

Anna þakkaði Margréti fundarstjórnina, bað fyrir kærar kveðjur heim í héruð og sagði fundi slitið.

Ein athugasemd kom við fundargerðinni á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 17. maí 2014 og var hún samþykkt. Athugasemdin var að í fundargerðinni stendur að Ragna Árnadóttir hafi verið kosin stjórnarmaður til 2ja ára en hið rétta er að hún var kosin til 4ra ára.